



HRUNAMANNAHREPPUR

13. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 6. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. JÚNÍ 2019

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 6. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps 2019-2023.**

Oddviti kynnti drög að endurskoðaðri jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps fyrir árin 2019-2023. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.
- 2. Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti Grænbók Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem fjallar um stefnu um málefni sveitarfélaga. Þá var lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um málið en málið er í samráðsgátt stjórnvalda.
- 3. Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2018.**

Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 864 og lánaðar voru út 1.816 bækur yfir árið sem er lítilsháttar fjölgun. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 238 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.
- 4. Hitaveita Grafarhverfis: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti kauptilboð Bláhvers ehf í 10,84% hlut Jóns Hermannssonar í Hitaveitu Grafarhverfis en tilboðið hljóðar upp á kr. 4.000.000. Þá liggur fyrir beiðni um afstöðu Hrunamannahrepps vegna forkaupsréttar sveitarfélagsins vegna sölu á eignarhlutum. Þá var upplýst að stjórn Hitaveitu Grafarhverfis hefur tekið ákvörðun að félagið nýti sér ekki forkaupsrétt heldur vísar því til einstakra hluthafa. Þá liggur einnig fyrir bókun veitustjórnar þar sem lagt er til að sveitarfélagið nýti sér forkaupsréttinn. Á fundinn mætir Hannibal veitustjóri og fer yfir málið.

Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér forkaupsréttinn, bæði hvað varðar grunnforkaupsrétt og að öllum þeim hlutum sem aðrir forkaupshluthafar nýta sér ekki. Sveitarstjórn beinir því til veitustjórnar að skoða með fjármögnun kaupanna með því að greiða arð út úr Hitaveitu Flúða.
- 5. Fasteignasalan Bær: Akurgerði 8. Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölu Bær þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Akurgerði 8, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Akurgerði 8, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-3181 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 6. Högnastígur: Innheimta á kostnaðarhlutdeild vegna gatnaframkvæmda.**

Oddviti kynnti minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi vegna krafna sveitarfélagsins á hendur þeim þremur aðilum sem eiga ógreiddan kostnað vegna gatnaframkvæmda í Högnastíg. Sveitarstjórn samþykkir að stefna þeim málum sem mælt er með málshöfðun í minnisblaðinu, en lýsir jafnframt yfir vilja til að leysa málin með sátt.
- 7. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um stofnfund samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál sem haldinn verður þann 19. júní n.k. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og tilnefni Kolbrúnu Haraldsdóttur sem tengilið við verkefnið.

8. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna frístundarhússins Þverlágur 14.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi vegna gististaðar í flokki II í frístundahúsi að Þverlág 14. Sveitarstjórn hafnar því að gefið verði út rekstrarleyfi því það samrýmist ekki gildandi skipulagi sveitarfélagsins að veita rekstrarleyfi í skipulögðum frístundahverfum.
9. **Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti bráðabirgðaskýrslur vegna fornleifaskráningar í Hrunamannahreppi árin 2017 og 2018 en lagt er til að skýrslurnar verði settar í kynningarferli.
10. **Strókur: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti styrkbeiðni frá Styrktarfélagi Klúbbsins Stróks. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
11. **Félag eldri Hrunamanna: Ársskýrsla.**
Oddviti kynnti skýrslu frá stjórn Félags eldri Hrunamanna fyrir starfsárið 2018-2019. Sveitarstjórn þakkar Félagi eldri Hrunamanna fyrir gott starf og góða skýrslu.
12. **Uptaka og útsending sveitarstjórnarfunda.**
Oddviti tillögu frá D-lista sjálfstæðismanna og óháðra um að sveitarstjórnarfundir verði sendir út í beinni útsendingu. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að afla upplýsinga hjá öðrum sveitarfélögum sem hafa reynslu af beinum útsendingum og skoða málið í tengslum við nýja fundaraðstöðu í ráðhúsinu.
13. **Hrunamannaafreitur: Verðkönnun vegna deiliskipulags á fjallaskálum.**
Oddviti kynnti niðurstöðu verðkönnunar um vinnu við gerð deiliskipulags vegna 11 fjallaskála á Hrunamannaafreiti. Tilboð bárust frá þremur aðilum, EFLU að fjárhæð kr. 3.380.000, Landhönnun að fjárhæð kr. 4.850.000 og Landformi að fjárhæð kr. 8.303.040. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að semja við EFLU um verkið. Hækka þarf kostnað við gerð deiliskipulags í fjárhagsáætlun um kr. 3.000.000 sem mætt verður með lækkun á handbæru fé.
14. **Mörk Miðhálandisþjóðgarðs: Samráðsgátt.**
Oddviti kynnti drög að tillögum sem liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda um skilgreiningu marka þjóðgarðs, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðar.
Sveitarstjórn telur að ef til Miðhálandisþjóðgarðs verði stofnað tekur hún undir tillögu nefndarinnar að mörk þjóðgarðsins verði miðuð við þjóðlendumörk.
15. **UNICEF: Heildstætt og samræmt verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.**
Oddviti kynnti erindi frá UNICEF á Íslandi að öll sveitarfélög setji sér heildstætt og samræmt verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna.
16. **Kerlingarfjöll: Friðlýsing.**
Oddviti fór yfir feril og vinnu við friðlýsingu í Kerlingarfjöllum. Fundað hefur verið með Umhverfisstofnun og rekstraraðila í Kerlingarfjöllum. Fyrir liggur tillaga að skilmálum friðlýsingar í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi friðlýsingarskilmála og leggur til að undirritun fari fram inn í Kerlingarfjöllum í sumar.
17. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni til frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um matvæli.
18. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna 10 árum eftir hrun.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna 10 árum eftir hrun.
19. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra.

20. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (hækkun lífeyris).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (hækkun lífeyris).
21. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 8. júlí til og með 26. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. **Veitustjórn: Fundargerð 7. fundar frá 22. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar frá 22. maí s.l. Lagt var fram kauptilboð í Hitaveitu Grafarhverfis og fjallað um forkaupsrétt, samþykktur verksamningur við TRS vegna Hrunaljóss, skoðað tilboð frá Mannvit vegna netöryggismála, farið yfir bifreiðarmál Hitaveitunnar og veitustjóri fór yfir þær framkvæmdir sem eru í vinnslu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

23. **Fundargerð 177. fundar skipulagsnefndar frá 22. maí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 177. fundar skipulagsnefndar frá 22. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr.21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. maí s.l.
24. **NOS: Fundargerð frá 21. maí s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð frá 21. maí s.l. Þar var farið yfir starfsmannamál, en samþykkt var að ráða Ragnheiði Hergeirsdóttur í starf forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustunnar. Rætt var um bakvaktir félagsþjónustunnar og óskir um aukið stöðugildi sálfræðings í skólaþjónustunni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og bíður Ragnheiði velkomna til starfa.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 280. fundar stjórnar frá 14. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 16. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 7. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð byggingarnefndar Búðarstígs 22 frá 16. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð byggingarnefndar Búðarstígs 22 frá 23. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 196. fundar stjórnar frá 9. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- g. **Stofnun Árna Magnússonar: Örnefni og nafnagiftir.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Orlof húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Starfsgreinasamband Íslands og Eflinga: Kjarasamningar.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Brunabót: Úthlutun úr styrktarsjóði Brunabótafélags Íslands.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Háskólafélag Suðurlands: Skýrsla stjórnar um starfsemi 2018.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu

l. Ársskýrsla Byggðastofnunar 2018.

Lagt fram til kynningar.

m. Háskólafélag Suðurlands: Ársreikningur 2018.

Lagt fram til kynningar.

n. Límtré Vírnet: Ársreikningur móðurfélagsins 2018.

Lagt fram til kynningar.

o. Límtré Vírnet: Ársreikningur 2018, samstæða.

Lagt fram til kynningar.

p. Ársskýrsla Þjóðskrá Íslands 2018.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:57.